

**Nd.**

**750. Nefndarálit**

[223. mál]

um frv. til laga um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við sjáum enga ástæðu til að afnema einkaheimild ríkisstjórnarinnar til að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger, en Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins hefur undanfarið annast innflutning og framleiðslu á þessum vörum og skilað verulegum hagnaði í ríkissjóð af þeirri starfsemi.

Breytingartillaga okkar um, að einkaheimild ríkisstjórnarinnar til innflutnings og framleiðslu á slíkum vörum skuli haldast, er fram borin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1969.

Skúli Guðmundsson,  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.